

# Stjórnarfundur FEB nr. 485, þriðjudagur 02.05.2023 kl. 14.00 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

**Mættir:** Ingibjörg Sverrisdóttir, Árni Gunnarsson, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Gunnar Magnússon, Kári Jónasson, Sigurbjörg Gísladóttir, Stefanía Valgeirsdóttir

**Fjarverandi;** Ingibjörg Óskarsdóttir, Kolbrún Stefánsdóttir og Viðar Eggertsson

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

1. Stjórnarfundargerð nr. 484 undirrituð og samþykkt
2. Undirbúningur landsfundar LEB.
  - a. Landsfundur verður haldinn 9.maí n.k. í Hjálmakletti, Borgarnesi
  - b. Okkar félag má senda 48 fulltrúa en 35 félagsmenn hafa tilkynnt komu sína. Mikilvægt að við náum að fylla í öll sæti
  - c. Dagskrá landsfundar
    - i. Fyrir hádegi eru almenn fundarstörf og tillögur og aðsendar ályktanir kynntar
    - ii. Eftir hádegi er starf málefnaþópa, annars vegar kjaramál, sem formaður kjaranefndar LEB stýrir og hins vegar lagabreytingar sem formaður laganeftndar LEB stýrir.
  - d. Stjórnarmenn þurfa að kynna sér málaflokkinn og ákveða í hvorn hópinn þeir ætla að mæta. Mikilvægt að dreifa kröftum stjórnar þannig að ekki allir velji sama málefni.

Eftir fundinn er valfrjáls dagskrá, gönguferð og kvöldverður. Að auki býður sveitastjórn Borgarbyggðar fólki í fordrykk og snittur. Við það tilefni mun Stefán Broddi Guðjónsson, sveitastjóri ávarpa gesti.
3. Framkvæmdastjóri FEB fór yfir stöðuna á skrifstofu FEB. Vetarstarf er enn í gangi og á sama tíma er verið að undirbúa 4 ferðir sem farnar verða í maí. Einn stafsmaður skrifstofu FEB hætti störfum um síðustu mánaðarmót og hefur annar starfsmaður verið ráðinn í hans stað. Mikið að gera á skrifstofunni og að auki álag vegna veikinda og mannbreytinga. Að jafnaði er mikill áhugi fyrir því félagsstarfi og þeim ferðum sem FEB býður uppá.
4. Ársfundur Leigufélags aldraðra var haldinn 24.apríl s.l. Fundinn sátu stjórn LA, fulltrúaráð og fulltrúi stofnaðila (formaður stjórnar FEB). Byggingin á Vatnsholti er á lokastigi og mun hluti leigjanda flytja inn um miðjan maí og sá seinni um miðjan júní. Búist er við að íbúðir á Akranesi verði tilbúnar á haustdögum. Stjórn FEB hefur beðið stjórnarformann FEB að boða stjórnarformann LA á sinn fund til að ræða mál félagsins og stilla saman strengi.
5. Önnur mál

Fyrirspurnir hafa borist til skrifstofu hvers vegna Félag eldri borgara er ekki sýnilegt með kröfuspjald í kröfugöngum á degi verkalýðsins.

Ætti stjórn FEB að hvetji fólk til að mæta í kröfugöngu verkalýðsins til að vinna að bættum kjörum aldraðra? Málið rætt og talið verðugt til umhugsunar en engin niðurstaða til bókanar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00

Fundargerð ritaði

Ástrún Björk Ágústsdóttir